

Tillaga að aðgerðaáætlun í plastmálefnum

Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum

29. október 2018

DRAFT

Inngangur

Þann 29. júní sl. skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra samráðsvettvang um aðgerðaáætlun í plasmálefnum sem hafði það hlutverk að koma með tillögur um eftirfarandi atriði:

- hvernig dregið yrði úr notkun plasts hér á landi
- hvernig bæta mætti endurvinnslu þess
- hvernig takast mætti á við plasmengun í hafi.

Samráðsvettvangurinn skyldi m.a. hafa hliðsjón af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um úrgangsforvarnir, *Saman gegn sóun*, og áætlun umhverfisráðherra Norðurlandanna frá því í maí 2017 um að draga úr umhverfisáhrifum plasts. Samráðsvettvangurinn skyldi taka til skoðunar eftirfarandi þætti:

- hvaða rannsóknir og vöktun varðandi plast þurfi að ráðast í
- koma með tillögur um þær stjórnvaldsaðgerðir sem æskilegt væri að koma í framkvæmd
- koma með tillögur um hvernig best verði stuðlað að nýsköpun í vörum sem koma í stað plastnotkunar.

Samráðsvettvangurinn skyldi taka mið af þeim tillögum sem þegar hafa komið fram á þessu sviði og jafnframt forgangsraða þeim tillögum sem settar yrðu fram í aðgerðaáætluninni. Samráðsvettvanginum bar að skila tillögum sínum til umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir 1. nóvember 2018.

Í starfshópnum sátu Laufey Helga Guðmundsdóttir, formaður, tilnefnd af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Guðlaugur G. Sverrisson, tilnefndur af Úrvinnslusjóði, Lúðvík E. Gústafsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Lárus M. K. Ólafsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Elva Rakel Jónsdóttir, tilnefnd af Umhverfisstofnun, Hrönn Jörundsdóttir, tilnefnd af Matís ohf., Þórey S. Þórisdóttir, tilnefnd af Neytendasamtökunum, Páll Árnason, tilnefndur af Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Benedikt S. Benediktsson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneyti, Rannveig Magnúsdóttir, tilnefnd af umhverfisverndarsamtökum, Eydís Salome Eiríksdóttir, tilnefnd af Hafrannsóknarstofnun, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, tilnefnd sameiginlega af þingflokki stjórnflokka og Guðmundur Andri Thorsson, tilnefndur sameiginlega af þingflokki stjórnarandstöðuflokka. Lára Kristín Traustadóttir aðstoðaði samráðsvettvanginn við fundahald. Í ljósi fjölda meðlima starfshópsins og þess stutta tíma sem samráðsvettvangi um aðgerðaáætlun í plasmálefnum var gefinn til að ljúka við aðgerðaáætlunina var brugðið á það ráð að kalla inn varamenn ef aðalmenn starfshópsins forföllust. Þannig tóku einnig þátt í starfinu Berglind Ósk Þ. Þórólfsdóttir, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur B. Ingvarsson og Hólfríður Þorsteinsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Stefán Hrafn Jónsson, f.h. Neytendasamtakanna, Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, f.h. umhverfisverndarsamtaka, Haraldur Arnar Einarsson, f.h. Hafrannsóknarstofnunar og Ari Trausti Guðmundsson, f.h. þingflokka stjórnflokka. Starfshópurinn hélt alls sex fundi og fékk einn gest á sinn fund til að fjalla um plast í hafi, Katrínu Sóleyju Bjarnadóttur frá Umhverfisstofnun.

Þó starfshópurinn hafi haft mismunandi hagaðila innanborðs og breiða skírskotun er mælt með því að umhverfis- og auðlindaráðuneytið sendi meðfylgjandi tillögur í samráðsferli.

Dregið úr notkun plasts

Aðgerð 1: Burðarplastpokar.

Markmið: Að notkun einnota burðarpoka úr plasti verði hætt.

Lýsing: Lögð er til þriggja þrepa áætlun:

1. janúar 2019: Engir plastpokar afhentir án endurgjalds. Verslanir hætti smám saman á árinu að bjóða upp á plastpoka. Fólk verði hvatt til að nota fjölnota poka. Umhverfis- og auðlindaráðherra mun í lok árs 2018 leggja fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem lagt er til að fyrirtækjum verði óheimilt að afhenda burðarpoka án endurgjalds og að gjaldið skuli vera sýnilegt á kassakvittun. Er þetta í samræmi við aðgerðaáætlun til að draga úr notkun plastpoka sem samþykkt var af umhverfis- og auðlindaráðherra í september 2016 til að fylgja eftir skýrslu starfshóps um sama efni. Margar verslanir eru nú þegar í startholunum með að hætta að bjóða upp á burðarplastpoka sem fer vel saman við þetta fyrsta skref. Samhliða þessum aðgerðum fari fram fræðsla þar sem fólk verði hvatt til að nota fjölnota poka í samræmi við stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um úrgangsförvarnir, *Saman gegn sóun*.
1. janúar 2020. Skattur lagður á burðarplastpoka. Lagt er til að lagður verði tiltölulega hár skattur á burðarplastpoka til eins árs til að minnka notkun þeirra verulega og að fjármunirnir renni til plastengdra verkefna.
1. janúar 2021. Burðarplastpokar bannaðir. Lagt er til að burðarplastpokar í verslunum verði bannaðir frá og með 1. janúar 2021.

Tími: 2019-2021.

Kostnaður: Á ekki við.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Samtök verslunar og þjónustu.

Aðgerð 2: Bann við plashnífapörum, plastdiskum, plaströrum og öðru einnota plasti skv. tillögu ESB.

Markmið: Að draga úr notkun einnota plasts.

Lýsing: Í lok maí 2018 kynnti Evrópusambandið tillögur til að takast á við þær tíu plastvörur sem oftast fundust á evrópskri strönd eða í hafi ásamt tillögum að aðgerðum til að stemma stigu við mengun vegna veiðarfæra. Er tillagan lögð fram til að fylgja eftir tillögum sambandsins um hringrásarhagkerfið og bregðast við mismunandi markaðsskilyrðum fyrirtækja innan sambandsins í ljósi þess að sum ríki hafa farið í aðgerðir til að berjast gegn plastmengun í hafi. Í tilskipuninni er lagt til að aðildarríkjum verði skylt að draga úr notkun matarumbúða og drykkjarbolla úr plasti, merkja skuli dömubindi, blautþurrkur og blöðrur til að upplýsa um að varan sé úr plasti og hafi neikvæð umhverfisáhrif, ábyrgð sett á framleiðendur tiltekinnna vara að sjá um meðhöndlun úrgangs sem af þeim veldur, lagt er til nýtt söfnunarmarkmið fyrir plastdrykkjarvöruumbúðir og ríkjum gert skylt að fara í fræðsluherferðir gegn einnota plasti. Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum leggur til að hafist verði handa við að innleiða tilskipun um að draga úr umhverfisáhrifum plasts sem fyrst eftir að tillagan hefur verið samþykkt af hálfu Evrópusambandsins sem áætlað er að verði 2019. Lagt er til að banni við eyrnapiinum, hnífapörum, diskum, rörum, hrærum og blöðruprikum úr plasti, sem lagt er til í tilskipuninni, verði flýtt og innleitt hér á landi frá og með 1. janúar 2020.

Tími: 1. janúar 2020.

Kostnaður: Þarf að kostnaðarmeta sérstaklega.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Aðgerð 3: Rannsókn- og þróunarsjóður fyrir plast.

Markmið: Að styðja við nýjar lausnir sem komið geta í stað plasts og að efla hagnýtar rannsóknir um endurvinnslu á plasti.

Lýsing: Lagt er til að settur verði á fót sérstakur rannsókn- og þróunarsjóður sem styrkti hagnýt rannsókn- og þróunarverkefni um endurvinnslu plasts og um staðgönguvörur plasts. Sjóðurinn yrði stofnaður að fyrirmynd rannsóknasjóðs í sjávarútvegi, AVS eða aukið verðmæti sjávarfangs. Styrkir yrðu veittir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókn-, þróunar- og háskólastofnunum.

Tími: 2019-2021.

Kostnaður: Þarf að kostnaðarmeta sérstaklega.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Aðgerð 4: Vitundarvakning um ofnotkun einnota plastvara.

Markmið: Að auka vitund fólks um ofnotkun á einnota plastvörum með menntun og fræðslu.

Lýsing: Auglýsingaherferð um ofnotkun á plastvörum, skaðsemi þeirra fyrir umhverfið, merkingar á umbúðum, flokkun úrgangs, hagræna hvata sem notaðir eru til að hvetja til endurvinnslu, uppsprettur örplasts, plast í hafi, mismunandi tegundir plasts (eins og t.d. lífplast) og fleira. Þessi herferð myndi beinast að almenningi og birt í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum. Huga þarf sérstaklega að fræðsluefni með sömu skilaboðum á ensku og sníða birtingar slíkra auglýsinga að ferðamönnum. Fjármunum yrði varið í framleiðslu gæðaefnis, byggt á vísindalegum grunni. Breytingar á neyslu og hegðun almennings er lykilatriði við að ná árangri í ofnotkun á einnota plasti. Markmið herferðarinnar væri líka að nýta slagkraftinn hjá félagasamtökum og grasrótahreyfingum á sviði umhverfisverndar. Þannig nýtast dreifileiðir (vefur, samfélagsmiðlar, félagsmenn, tölvupóstlistar og fundahöld) sem best með því að stilla saman strengi. Efni herferðarinnar (myndir, myndbönd, texti) væru samræmd skilaboð sem hægt væri að dreifa sameiginlega eða undir öllum merkjum samstarfsaðila. Samhliða þessu er gert ráð fyrir að útbúið verði kennsluefni fyrir öll skólastig um plast og áhrif þess.

Tími: 2019-2021.

Kostnaður: 12 milljónir árlega.

Ábyrgð: Umhverfisstofnun í samstarfi við umhverfisverndarsamtök.

Aðgerð 5: Viðurkenningar fyrir framúrskarandi plastlausar lausnir.

Markmið: Að draga fram það sem vel er gert varðandi plastlausar lausnir og veita nýsköpun aukinn slagkraft.

Lýsing: Mikil vitundarvakning hefur orðið varðandi mikilvægi þess að draga úr plastnotkun, ekki síst hvað varðar umbúðaplast. Til að draga fram það sem vel er gert og hvetja til nýsköpunar er lagt til að viðurkenning ráðherra verði veitt árlega í þrjú ár fyrir framúrskarandi plastlausar lausnir. Öllum sem vilja verði boðið að tilnefna fyrirtæki, framleiðendur, einstaklinga eða eftir atvikum aðra og dómnefnd veiti síðan viðurkenningu fyrir framúrskarandi plastlausar lausnir. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði kynnt vel og kallað eftir tilnefningum frá sem flestum. Mögulegt væri að sameina viðurkenninguna öðrum viðburðum, eins og t.d. ráðstefnu, málþingi eða verkefnum eins og Plastlausum september.

Tími: 2019-2021.

Kostnaður: 350.000 kr. árlega í þrjú ár.

Ábyrgð: Umhverfisstofnun.

Aðgerð 6: Græn skref í ríkisrekstri.

Markmið: Að stjórnvöld gangi fram með góðu fordæmi og stuðli að aukinni sjálfbærni í rekstri og bættri umhverfisvitund.

Lýsing: Í dag taka 62 stofnanir þátt í verkefninu Grænum skrefum í ríkisrekstri. Lagt er til að allar stofnanir verði skyldugar til að taka þátt. Í Grænum skrefum er mikil áhersla lögð á að draga úr soun og auka flokkun úrgangs. Meðal aðgerða sem stofnanir þurfa að innleiða er að kaupa ekki inn einnota umbúðir s.s. drykkjarglös og borðbúnað, að stofnanir verði plastpokalausar og að ekki séu einnota umbúðir á viðburðum og fundum. Áhersla er lögð á að draga úr hvers kyns soun og um leið draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Tími: 2019-2021.

Kostnaður: 12,5 milljónir (eitt stöðugildi).

Ábyrgð: Umhverfisstofnun.

Aðgerð 7: Aðstoð við neytendur sem mæta með eigin umbúðir undir keypta matvöru.

Markmið: Að auðvelda neytendum að koma með fjölnota umbúðir undir keypta matvöru.

Lýsing: Æ fleiri neytendur velja að koma með eigin umbúðir í búðina þegar þeir kaupa matvöru eins og m.a. ís, fisk, kjöt og tilbúna rétti til að komast hjá því að nota einnota umbúðir. Þó að margar verslanir taki þessu vel er það ekki sjálfgefið. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun stendur matvælalöggjöf þessu ekki í vegi en ávallt þarf að huga að matvælaöryggi sem fyrirtæki eru ábyrg fyrir. Lagt er til að Matvælastofnun útbúi leiðbeiningar sem nýtast neytendum og fyrirtækjum til að auðveldara

verði að koma með fjölnota umbúðir undir matvæli í verslanir. Lagt er til að Matvælastofnun birti leiðbeiningarnar á vef sínum.

Tími: 2018.

Kostnaður: Innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Matvælastofnun.

Aðgerð 8: Plastaðgerðaráætlun fyrir landbúnað, iðnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Markmið: Að helstu atvinnugreinar Íslands hafi stefnu um hvernig draga megi úr notkun plasts í greininni.

Lýsing: Atvinnulíf er hvatt til að setja sér stefnu og móti í kjölfarið aðgerðaáætlun um hvernig dregið verði úr notkun plasts í landbúnaði, iðnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Gæti slík stefna stutt við ríkjandi stefnumótun eða orðið hluti hennar, eins t.d. Vakanum, Festu, Ábyrgum fiskveiðum o.fl.

Tími: Aðgerðaáætlanir verði tilbúnar 1. janúar 2020.

Kostnaður: Kostnaður borinn af atvinnulífinu.

Ábyrgð: Aðilar atvinnulífsins svo sem Bændasamtök Íslands, Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar, Félag atvinnurekenda og Landssamtök smábátæigenda.

DRÖG

Bætt endurvinnsla

Aðgerð 9: Sveitarfélög og rekstraraðilar skylduð til að koma á samræmdri flokkun úrgangs.

Markmið: Markviss og hagkvæm úrgangsstjórnun plasts.

Lýsing: Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs er það sveitarstjórn sem ákveður fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Það er því hverrar sveitarstjórnar að kveða á um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang. Flokkun úrgangs er lykilaðgerð til að ná árangri í plastmálefnum; ekki bara til að auka meðvitund um óþarfa plastúrgang heldur dregur hún einnig úr urðun úrgangs og styður við aðgerðir í loftslagsmálum. Ósamræmi í flokkun úrgangs milli sveitarfélaga gerir almenningi erfiðara fyrir við að flokka rusl. Nauðsynlegt er í fyrsta lagi að leiða í lög skyldu sveitarfélaga og rekstraraðila til að flokka úrgang og í öðru lagi að flokkun úrgangs verði samræmd á landsvísu. Því leggur starfshópurinn til að komið verði á samræmdri lögbundinni grunnflokkun úrgangs á landsvísu og markviss skref verði stigin í þá átt að samræma viðmót flokkunar til að auðvelda almenningi verkefnið. Lagt er til að umhverfis- og auðlindaráðherra leggi fram lagafrumvarp til þess að skylda sveitarfélög og rekstraraðila til að flokka úrgang, a.m.k. lífrænan úrgang, pappír, plast, málma og gler og koma til endurnýtingar.

Tími: Frumvarp verði lagt fram í september 2019.

Kostnaður: Þarf að kostnaðarmeta sérstaklega m.a. vegna fjárhagslegra áhrifa á sveitarfélög.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Aðgerð 10: Álagning úrvinnslugjalds á allt plast.

Markmið: Að nota hagræna hvata til að koma sem mestu plasti til endurvinnslu.

Lýsing: Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Í dag er lagt úrvinnslugjald á umbúðir úr plasti og skilagjald á drykkjarvöruumbúðir úr plasti. Hugmyndir hafa verið uppi í Evrópu um að setja úrvinnslugjald á allt plast til að auka skil á því til endurvinnslu. Greina þyrfti hversu mikið plast sem tækt er til úrvinnslu, utan umbúðaplats, fellur til hér á landi. Hefja því næst samstarf við Úrvinnslusjóð og úrgangsméðhöndlunaraðila um mögulegar útfærslur og að lokum að leggja tillögur að gjöldum fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Einnig er lagt til að skoðað verði að hækka úrvinnslugjald á plastumbúðir til að auka það plastmagn sem fer til endurvinnslu. Að lokum er lagt til að almenningur, fyrirtæki og stjórnvöld verði upplýst um hlutverk og starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Tími: Tillögur verði tilbúnar 1. maí 2019.

Kostnaður: Innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samvinnu við Úrvinnslusjóð.

Aðgerð 11: Matseðill grænna lausna – miðlæg upplýsingagjöf og ráðgjöf.

Markmið: Að auðvelda fyrirtækjum og rekstraraðilum að velja grænni lausnir fyrir rekstur sinn.

Lýsing: Lagt er til að komið verði upp miðlægri upplýsingagjöf og ráðgjöf til fyrirtækja um grænar lausnir sem henta þeirri starfsemi. Ráðgjöfin gæti til dæmis falist í aðstoð við að velja umhverfisvænni umbúðir undir tilbúna matvöru eða vöru sem auðveldari er í endurnotkun og endurvinnslu. Til dæmis mætti upplýsa framleiðendur og seljendur um að notkun litaðra plastbakka undir matvörur skapar aukinn kostnað við endurvinnslu og betra væri að nota ólitaða bakka. Einnig væri ráðlegt að leiðbeina bændum um litanotkun í heyrúlluplasti þar sem endurvinnslugæði ykjast töluvert ef bændur sammæltust um að nota eingöngu hvítt plast.

Tími: Aðgerð hrint í framkvæmd 1. janúar 2019.

Kostnaður: Þarf að kostnaðarmeta sérstaklega.

Ábyrgð: Samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins og Umhverfisstofnunar.

Aðgerð 12: Stutt við græna nýsköpun.

Markmið: Að stuðla að minni plastnotkun og endurvinnslu plasts með skattaávilnun.

Lýsing: Tekjuskattur er lagður á tekjur af atvinnustarfsemi. Við skattskil er í ýmsu tilliti heimilt að draga rekstrarkostnað frá tekjum áður en til skattlagningar þeirra kemur. Rekstrarkostnaðarfrádráttur hefur þannig áhrif á fjárhæð tekjuskatts sem lagður er á skattaðila ár hvert. Svokallaðar fyrningar eigna teljast til rekstrarkostnaðar. Af ákvæðum tekjuskattslaga leiðir að fyrningar má að jafnaði draga frá tekjum í tilteknu hlutfalli ár hvert. Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki má þannig fyрна um

10%–30% árlega. Tekjufrádráttur slíkra fyrninga á sér því stað á nokkrum árum. Í þeim tilgangi að stuðla að kaupum á tækjabúnaði sem notaður er til endurvinnslu plasts, búnað sem mögulegt væri að nota til að skipta yfir í aðrar vörur en plast og búnað sem að öðru leyti er notaður til að draga úr plastnotkun leggur starfshópurinn til að slíkan búnað megi fyrna að öllu leyti á kaupári á árunum 2020–2025. Lagt er til að tillagan verði útfærð nánar í samstarfi við skattyfirvöld.

Tími: Aðgerð taki gildi 1. janúar 2020 og standi til 1. janúar 2025.

Kostnaður: Þarf að kostnaðarmeta sérstaklega.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneyti.

DRÖG

Plast í hafi

Aðgerð 13: Heildstætt vöktunarkerfi plasts í hafi.

Markmið: Að tryggja að vöktunaraðgerðir opinberra aðila á plastmengun séu samhæfðar og styðja við þá ímynd að sjávarafli Íslands sé heilnæmur.

Lýsing: Lagt er til að umhverfis- og auðlindaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Umhverfisstofnun og Hafrannsóknarstofnun samhæfi aðgerðir sínar við vöktun hafs, stranda, hafsbots og lífvera með tilliti til plastmengunar svo að komið verði á heildstæðu vöktunarkerfi fyrir plast í hafi. Tryggja skal að aðgerðir séu staðlaðar og samanburðarhæfar við aðrar þjóðir. Leita ætti samstarfs við aðra aðila þ.m.t. rannsóknar- og vottunarstofur, og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS).

Tími: 2019-2021.

Kostnaður: Innan fjárheimilda stofnana en kostnaðarmeta þarf sérstaklega verkefni vegna vöktunar á hafi.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Aðgerð 14: Bætt skólphreinsun.

Markmið: Að draga úr losun plasts í hafið með bættri hreinsun skólps.

Lýsing: Árið 2014 var 68% skólps frá þéttbýlum hreinsað með eins þreps hreinsun, 2% með tveggja þrepa og 1 % með frekari hreinsun en tveggja þrepa. Aftur á móti var 24% skólpsins ekkert hreinsað og ekki er vitað hvernig 5% þess var hreinsað eða hvort það hefði yfirleitt fengið nokkra hreinsun. Þetta kemur fram í stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar á frárennslismálum frá því í september 2017. Í skýrslunni segir einnig að skoða þurfi hvort eins þreps hreinsistöðvar í stærra þéttbýli uppfylli að fullu kröfur reglugerðar um fráveitur og skólps. Ljóst er að ekkert skólps er hreinsað með tilliti til örplasts. Samkvæmt norrænni rannsókn sem gerð var 2016 fer töluvert af örplasti í gegnum hreinsistöðvar á Íslandi út í hafið, samanborið við hreinsistöðvar frárennslis í Svíþjóð og Finnlandi. Því er lagt til að hreinsun frárennslis verði bætt til að minnka losun örplasts í hafið. Áhersla skal lögð á stærstu byggðir í upphafi aðgerða og viðkvæm svæði þar sem álag vegna ferðapjónustu er mikið.

Tími: 2019-2021.

Kostnaður: Þarf að kostnaðarmeta sérstaklega, m.a. vegna fjárhagslegra áhrifa á sveitarfélög.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samvinnu við sveitarfélög.

Aðgerð 15: Nýting settjarna til að varna plastmengun.

Markmið: Að hefta losun örplasts út í umhverfi og hafið.

Lýsing: Settjarnir eru mikilvægur liður í að varna að vegryk, agnir og örplast frá vegakerfi og ofanvatni berist í ferskvatn og hafið. Lagt er til að uppbygging nýrra hverfa taki mið af uppbyggingu settjarna sem mikilvægri mengunarvörn og leggja þarf áherslu á að fjölga settjörnum í núverandi hverfum í þéttbýli til að varna að ofanvatn og vegryk berist í ferskvatn og hafið. Einnig verður að leggja áherslu á hreinsun settjarna sem mikilvægan lið í að stöðva flæði öragna og örplasts í umhverfið. Í þingsályktun nr. 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015-2026 segir í kafla 3.3.2 að huga skuli að umhverfisvænum lausnum við skipulagsgerð sveitarfélaga eins og sjálfbærum ofanvatnslausnum. Í 5.3.2. 15. gr. skipulagsreglugerðar segir að stefnt skuli að því að ofanvatni, svo sem regnvatni af þökum, verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis, eftir aðstæðum og því sem unnt er. Hvetja skal sveitarfélög til að skoða við framkvæmdir hvort settjarnir gætu verið hentugar sem mengunarvarnir í ljósi þess að þær er hægt að nota til að hreinsa örplast úr umhverfinu. Að auki er lagt til að tekin verði sýni og rannsakað hversu mikið örplast finnst í settjörnum sem þegar hafa verið byggðar.

Tími: 2018-2021.

Kostnaður: Kostnaður borinn af sveitarfélögum.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Aðgerð 16: Hreinlætisvörur sem innihalda örplast bannaðar.

Markmið: Að hefta losun örplasts út í hafið.

Lýsing: Örplast (e. micro beads, framleiddar örplastkúlur) er óuppleysanlegt, innan við 5 mm að stærð og brotnar ekki niður í umhverfinu eða lífverum. Það er að finna í ýmsum vörum eins og sápu, sturtusápu, andlits- og líkamsskrúbbum og tannkremi, og endar því iðulega í niðurföllum, vöskum og sturtubotnum þaðan sem þær eiga greiða leið út í haf. Fyrir á þessu ári tók í gildi bann í Bretlandi við

framleiðslu og sölu hreinlætis- og snyrtivara sem innihalda örplast. Lagt er til að bannað verði að flytja inn og framleiða hreinlætis- og snyrtivörur sem innihalda örplast frá og með 1. janúar 2020.

Tími: Aðgerð taki gildi 1. janúar 2020.

Kostnaður: Innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Aðgerð 17: Hreinsun íslenskra stranda.

Markmið: Að stuðla að hreinsun stranda við Ísland og vitundarvakningu um plastmengun í hafi.

Lýsing: Samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka um hreinsun stranda. Þjóðaráttak þarf í hreinsun íslenskra stranda. Ávinningurinn er að við Íslendingar stöndum undir staðhæfingum um þann hreinleika Íslands sem verið er að nota í markaðssetningu á sjávarafurðum og þeirri hreinu ímynd Íslands sem seld er til erlendra ferðamanna og þeirra landa sem Ísland stundar viðskipti við. Ísland stefnir að hreinustu landhelgi í heimi. Mikilvægt er að auka verðgildið á ímynd Íslands og til þess þarf samstillt áttak við hreinsun íslenskra stranda. Gríðarlega mikið verk er fyrir höndum og virkja þarf því almenning til þátttöku. Hér eru tækifæri til fjáraflana fyrir hópa, m.a. grasrótarsamtök, íþróttafélög, skáta og plokkhópa. Verkefnastýring yrði frá ríkinu og sveitarfélögum og setja þarf upp sjóð sem hreinsunaraðilar og þau sem koma að fræðslu um plastmengun geta sótt fjármagn í. Fyrirkomulagið gæti verið í anda Votlendissjóðsins: <https://votlendi.is/>. Fræðsla yrði m.a. í höndum félagasamtaka sem láta sig málið varða.

Tími: 2019-2021.

Kostnaður: Laun og launatengd gjöld fjögurra starfsmanna í þrjú ár. Fjármagnið verður sótt til rekstraraðila, fyrirtækja, landeigenda, sveitarfélaga og annarra aðila sem vilja láta hreinsa.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samvinnu við sveitarfélög og félagasamtök er koma að hreinsun stranda.

Aðgerð 18: Merkingar á staðbundnum veiðarfærum

Markmið: Að stuðla að rekjanleika tapaðra veiðarfæra.

Lýsing: Stór hluti af því plasti sem finnst í fjörum við Ísland á uppruna frá sjávarútvegi, gjarnan veiðarfæri. Hingað til hefur staðið á því að sjómenn sinni tilkynningarskyldu á töpuðum veiðarfærum, en veiðarfæri eru í flestum tilfellum gerð úr plastefnum. Því er lagt til að sett verði í viðeigandi reglugerð að öll staðbundin veiðarfæri (gildirur, línur og net) séu merkt á skýran hátt, líkt og þegar hefur verið gert varðandi krabbagildruveiðar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 671/2018, um veiðar á kröbbum, og veiðar í þorskfisknet, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 115/2006, um þorskfisknet. Þannig má auka rekjanleika veiðarfæra sem tapast í sjó og vinna að viðeigandi lausnum. Jafnframt þarf að gæta að því að önnur lög eða reglugerðir vinni ekki á móti tilkynningarskyldu á töpuðum veiðarfærum, þannig að ekki lendi kostnaður á þeim aðila sem tilkynnir um tap á veiðarfærum heldur aðeins á þeim sem skilja veiðarfæri eftir af ásetningi og engin tilkynning er til um.

Tími: Tillögur verði tilbúnar 1. september 2019.

Kostnaður: Þarf að kostnaðarmeta sérstaklega.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og til ráðgjafar Hafrannsóknastofnun, rannsóknar- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

Lokaorð

Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að koma að þessu verkefni og fá að setja fram tillögur um hvernig dregið verði úr notkun plasts, hvernig bæta megi endurvinnslu þess og takast á við plastmengun í hafi. Starfshópurinn vonar að tillögur hópsins nýtist til að vinna áfram að verkefninu og leggur áherslu á að víðtækt samráð verði haft við hlutaðeigandi við að koma þeim í framkvæmd. Starfshópurinn þakkar öllum þeim sem hafa veitt upplýsingar og aðra aðstoð við vinnuna.

Reykjavík, 29. október 2018

Laufey Helga Guðmundsdóttir

Guðlaugur G. Sverrisson

Lúðvík E. Gústafsson

Lárus M. K. Ólafsson

Elva Rakel Jónsdóttir

Hrönn Jörundsdóttir

Þórey S. Þórisdóttir

Páll Árnason

Benedikt S. Benediktsson

Rannveig Magnúsdóttir

Eydís Salome Eiríksdóttir

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

Guðmundur Andri Thorsson